

9. fundur hafnarstjórnar Langanesbyggðar haldinn 29. nóvember 2012 á skrifstofu Langanesbyggðar kl. 12.00.

Mættir: Rafn Jónsson formaður, Jónas Jóhannsson, Friðrik Jónsson, Almar Marinósson hafnarvörður, Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri (hafnarstjóri) og Sigríður Jóhannesdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundi og spurði hvort athugasemdir væru gerðar við boðun fundarins. Svo var ekki.

Dagskrá:

1. Dýpkun á höfninni á Þórshöfn 2013-14

Fundarmenn fóru yfir teikningu frá siglingarstofnun sem sýnir 5 dýpkunarsvæði alls 28.877 m².

Lagt er til að svæði 2 og hluti af svæði 1 verði grafið í 6 metra til að halda opnum þeim möguleika á því að stærri skip komist inn.

Hafnarnefnd samþykkir samhljóða að fela Siglingarstofnun að útbúa útboðsgögn fyrir reit 4 og 5 alls 20.525 m² og láta einnig gera einnig útboðsgögn fyrir allt svæðið í heild sinni en í því felst mikil hagkvæmni þar sem mikill kostnaður liggur í því að koma tækjum til og frá Þórshöfn. Leitast verður eftir því að fá fjármagn í verkið í heild sinni.

2. Fjárfestingar 2013

Fjárfestingar fyrir hafnirnar voru ræddar og fjárhagsáætlun ársins 2013.

Ræddar fjárfestingar sem þarf að skoða sem eru nýr löndunarkrani á Bakkafjörð og fingur við flotbryggju.

Indriði á Bakkafirði kom inn á fundinn í síma og skýrði út fyrir fundarmönnum stöðuna á löndunarkrönunum á Bakkafirði. Annar kraninn á Bakkafirði er farinn að þurfa mikið viðhald og er rekinn á undanþágu.

Fundarmenn ræddu lausn á þessu máli. Lagt til að hornkraninn á Þórshöfn verði færður á Bakkafjörð til að þjóna smábátunum þar.

Fingur við flotbryggju. Almar skýrði út fyrir fundarmönnum hvað um ræðir.

Ákveðið að byrja á því að setja 2 fingur við flotbryggjuna.

Fjárhagsáætlun 2013 þar sem búið er að gera ráð fyrir ofangreindum frjárfestingum:

Tekjur: 73,5 milljónum, gjöld: 55 milljónir. Rekstrarafkoma: 18,5

Ákveðið að bæta við 5 milljónum fyrir í aðrar fjárfestingar í tengslum við höfnina.

Fundargerðin upplesin og samþykkt, fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:49